Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu		<input type="checkbox"/> getur nefnt dæmi um störf sem krefjast sérþekkingar, til dæmis tengd matvælum. <input type="checkbox"/> getur útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi. <input type="checkbox"/> getur rætt hvernig uppfinningar hafa breytt lífi fólks, ýmist til hins betra eða verra.	
Námsþættir Hæfniviðmið um verklag	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir

Geta til aðgerða	<ul style="list-style-type: none"> • Komdu og skoðaðu – eldhúsið 	<ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> getur tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum. <input type="checkbox"/> getur útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lestur. • Umræður. • Paravinna. • Hópavinna. • Einstaklingsvinna. • Vinnubók/verkefni
Vinnubrögð og færni	<ul style="list-style-type: none"> • Náttúran allan ársins hring • Þjóðarblómið Holtasóley • Hornsíli 	<ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> getur skráð atburði, athuganir og tilraunir og útskýrt . <input type="checkbox"/> getur tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum. <input type="checkbox"/> getur aflað sér upplýsinga er varða náttúruna. <input type="checkbox"/> getur notað ólíkar heimildir við öflum upplýsinga. <input type="checkbox"/> þjálfist í að vinna saman og ræða skipulega um viðfangsefni námsins auk þess að vinna einir. <input type="checkbox"/> getur gert einfaldar athuganir og tilraunir og útskýrt þær skriflega, munnlega og myndrænt. 	
Efling ábyrgðar á umhverfinu		<ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> getur tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu. <input type="checkbox"/> getur tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru. <input type="checkbox"/> getur rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns. <input type="checkbox"/> getur nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum. <input type="checkbox"/> Getur flokkað úrgang og áttar sig á mikilvægi þess fyrir jörðina. 	
Námsmat	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið í þeim verkefnum sem unnin eru, umræðum og símati.		

Samfélagsfræði 4. bekkur

Kennarar: Sigbrúður Sigurðardóttir, Bryndís Snjólfsdóttir og Jóna Björg Sveinsdóttir

Kennslustundafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Undir samfélagsgreinar heyra saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimskpeki og siðfræði. Þær greinar fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þeim er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nærsamfélaginu og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð á þeim leiðum, sem hver og einn velur sér, til þess að fóta sig í félagi við annað fólk og umhverfi. Samfélagsgreinar eiga að efla hæfni nemenda til að víkka út reynsluheim sinn, skilja umhverfið, samfélagið, söguna og menninguna sem hann hann hefur fæðst inn í. Þær eiga að efla hæfni nemenda með því að víkka út og dýpka hugarheim nemandans til að átta sig á sjálfum sér. Samfélagsgreinar eiga einnig að virkja nemandann til þátttöku í félagsheimi sínum, þeim gildum og reglum sem þar ríkja, efla hæfnina til að mynda og þróa tengsl sín við aðra sem byggist á þeim félagsskap sem hann hefur tekið þátt í. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér réttisýni, gildismat og ábyrgð sem m.a. byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
REYNSLUHEIMUR	<ul style="list-style-type: none"> BÖRN Í OKKAR HEIMI -Fátækt og hungur, -Flóttamenn og fordómar Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti Óboðnir gestir e. Aðalheiði Borg 	<ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> borið kennsl á gildi, s.s. virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi. <input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni. <input type="checkbox"/> áttað sig á gildi samhjálpur í samfélaginu. <input type="checkbox"/> átti sig á að fjölbreytileikinn auðgar líf okkar og samfélagið. <input type="checkbox"/> velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika. <input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti . <input type="checkbox"/> nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar. 	Umræðu-og spurnaraðferð Leitaraðferð Sköpun Leikræn tjáning

		<ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú og nefnt dæmi um hvað er líkt og ólíkt. <input type="checkbox"/> bent á hvernig sagan birtist í munum og minningum. <input type="checkbox"/> viti að til eru mismunandi menningarsvæði í heiminum þar sem ríkja ólíkir siðir og venjur og að Ísland er eitt þeirra. <input type="checkbox"/> átti sig á mikilvægi þess að þekkja sögu sína og menningu og þeirri ábyrgð að viðhalda henni og varðveita. <input type="checkbox"/> skilji mikilvægi náttúrunnar, s.s. árstíðaskipta, veðurfars og landslags, við mótun byggðar, atvinnu, siða og menningar íbúa. <input type="checkbox"/> skilji mikilvægi hafsins og legu landsins, s.s. fyrir lífsafkomu þjóðarinnar og samskipti við önnur lönd, nú og áður fyrr. <input type="checkbox"/> skilji mikilvægi hafsins og legu landsins, s.s. fyrir lífsafkomu þjóðarinnar nú og áður fyrr. 	
<p>HUGARHEIMUR Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</p>		<ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum. <input type="checkbox"/> geti bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig. <input type="checkbox"/> bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim. <input type="checkbox"/> lýst og rætt um ýmsar tilfinningar s.s. gleði, sorg og reiði og geri sér. <input type="checkbox"/> grein fyrir ýmsum birtingarmyndum tilfinninga eins og öfund, hefnd. <input type="checkbox"/> græðgi, hroka og hræsni. <input type="checkbox"/> geri sér grein fyrir orsökum og afleiðingum orða sinna og að takmörk . <input type="checkbox"/> eru fyrir tjáningarfrelsi. <input type="checkbox"/> lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga. <input type="checkbox"/> geti bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig. <input type="checkbox"/> átti sig á að hvar styrkur hans liggur. <input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna. <input type="checkbox"/> sett sig í spor annarra jafnaldra. 	

<p>FÉLAGSHEIMUR Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</p>		<ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra. <input type="checkbox"/> tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi. <input type="checkbox"/> sýnt tillitsemi og umhyggju í leik og starfi. <input type="checkbox"/> sýnt tillitsemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. <input type="checkbox"/> áttað sig á ýmiskonar afleiðingum athafna sinna. <input type="checkbox"/> átti sig á mikilvægi umburðarlyndis í samskiptum svo og skorti á umburðarlyndi. <input type="checkbox"/> sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnd dæmi um slíkar reglur. <input type="checkbox"/> skilji hugtakið einelti og og hverjar afleiðingar þess geta orðið. <input type="checkbox"/> átti sig á mikilvægi þess að hjálpa öðrum sem lagðir eru í einelti eða beittir órétti. <input type="checkbox"/> tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti. <input type="checkbox"/> hlustað á og greint ólíkar skoðanir. <input type="checkbox"/> áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum og þekki muninn á mismunun og jafnrétti. <input type="checkbox"/> geri sér grein fyrir mikilvægi virðingar fyrir margbreytileikanum og temji sér slík viðhorf. 	
<p>Námsmat</p>	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið í þeim verkefnum sem unnin eru, umræðum og símati.</p>		

Enska 4. bekkur			
Kennarar: Alda Marin Kristinsdóttir			
Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku			
Um námsgrein:			
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Námsmat			

Upplýsinga- og tæknimennt 3. - 4. bekkur

Kennarar: Jóna Björg Sveinsdóttir og Bryndís Snjólfsdóttir

Kennslustundafjöldi: 1- 2 kennslustund á viku

Um námsgrein:

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Þannig getur nemandi öðlast hæfni í að tileinka sér, umskrifa og skapa þekkingu, miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við eðli tækninnar og stafrænt umhverfi. Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 3. og 4. bekk Nemandi geti	Leiðir
<i>Vinnulag og vinnubrögð</i>	<ul style="list-style-type: none"> • Ritvinnsluforritið Word. • Reikniforritið Excel • Stafrænar myndavélar, • spjaldtölvur, • forrit í fingrasetningu á Veraldarvefnum (Fingrafimi 2 á www.mms.is) • Tölfræðiverkefni úr Sprotu 3a og b og Sprotu 4a og b. 	<ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði. <input type="checkbox"/> nýtt sér ólík forrit í vinnu sinni í öðrum námsgreinum <input type="checkbox"/> nýtt sér tölvur og tæki sér til gagns og ánægju, s.s. til leitarnáms. <input type="checkbox"/> nýtt tölvur og tæki sér til gagns og ánægju, s.s. til hlustunar. <input type="checkbox"/> nýtt tölvur og tæki sér til gagns og ánægju, s.s. lesturs. <input type="checkbox"/> nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag. <input type="checkbox"/> unnið að samvinnuverkefnum í upplýsingatækni <input type="checkbox"/> sýnt frumkvæði við vinnu í upplýsingatækni. <input type="checkbox"/> beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum, skrifað texta í tölvu 	<ul style="list-style-type: none"> • Verklegar æfingar. • Umræðu- og spurnaraðferðir. • Útlistunarkennsla. • Jafningjakennsla. • Hópvinna. • Sýnikennsla. • Sköpun. • Leikir.

		og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.	
<i>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</i>		<input type="checkbox"/> leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu. <input type="checkbox"/> unnið með heimildir. <input type="checkbox"/> leitað að myndefni og nýtt við verkefnavinnu. <input type="checkbox"/> nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni. <input type="checkbox"/> nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á einföldum tölulegum gögnum.	
<i>Tækni og búnaður</i>		<input type="checkbox"/> nýtt hugbúnað/forrit við einföld umbrotsverkefni, t.d. kort, dagatal o.þ.h. <input type="checkbox"/> notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu. <input type="checkbox"/> notað hugbúnað/forrit til að rita einfaldan texta. <input type="checkbox"/> vistað skjöl á gagnasvæði sínu. <input type="checkbox"/> nýtt sér skjöl af gagnasvæði sínu í áframhaldandi vinnu.	
<i>Sköpun og miðlun</i>		<input type="checkbox"/> notað hugbúnað/forrit/tæki við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.	
<i>Siðferði og öryggismál</i>	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fara í gegnum tölvuöryggi, sjá Upplýsingatækni fyrir yngsta stig : 3.-4. bekkur (www.mms.is), 	<input type="checkbox"/> sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga. <input type="checkbox"/> farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.	
Námsmat	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið út frá þeim verkefnum og vinnu sem fram hefur farið.		

Hönnun og smíði 3. - 4. bekkur			
Kennarar: Jóna Björg Sveinsdóttir og Bryndís Snjólfsdóttir			
Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á haustönn.			
<p>Um námsgrein: Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf. Í verkgreinum fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunaraflinu sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verklegri færni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Nemandinn fær við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju. Markmið verkgreina hefur bæði verið að undirbúa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska nemenda. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur bæði skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu. Kennsla verkgreina eru liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og eru einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann á markvissan hátt þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfi fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám</p>			
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Handverk Hönnun og sköpun Sjálfstæði og samvinna	<ul style="list-style-type: none"> • Ýmsar handbækur og blöð. • Netíð. • Samþætting annarra námsgreina • Vinnulýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara 	<ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> sýni frumkvæði og vinnusemi. <input type="checkbox"/> geti framkvæmt einfaldar aðgerðir, s.s. saga, negla og líma. <input type="checkbox"/> sýni góða nýtingu efna. <input type="checkbox"/> skili vönduðu verkefni. <input type="checkbox"/> sýni góða hegðun og umgengi. <input type="checkbox"/> geti valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt. <input type="checkbox"/> geti gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með . 	<ul style="list-style-type: none"> • Verklegar æfingar. • Umræðu- og spurnaraðferðir. • Útlistunarkennsla. • Jafningjakennsla. • Hópvinna. • Sýnikennsla. • Sköpun. • Leikir.

		<ul style="list-style-type: none"><input type="checkbox"/> dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.<input type="checkbox"/> unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut.<input type="checkbox"/> unnið sjálfstætt og tjáð sig um verkefni sín.<input type="checkbox"/> sýnt örugga umgengni við vinnu og gengið frá vinnusvæði í samvinnu með öðrum.	
Námsmat	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið út frá þeim verkefnum og vinnu sem fram hefur farið.		

Myndmennt 3. - 4. bekkur

Kennarar: Jóna Björg Sveinsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku.

Um námsgrein: Allir hlutir og öll verk byrja með hugmynd sem ekki verður virk nema henni sé miðlað á einhvern hátt. Í myndmennt er unnið með alla miðla sjónlista þar sem hugmyndum er fundinn farvegur. Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflið. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins. Myndmennt er í eðli sínu skapandi námsferli. Mikilvægt ferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum s.s. í teikningu, málun, mótun, þrykki klippiaðferð og skjámiðlum. Að taka þátt í að skapa, horfa á og njóta og greina list stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list á sama tíma að þeir þrói með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum og möguleikum hans. Með markvissri myndmennt er hægt að viðhalda og þróa þann hæfileika sem börn nota frá unga aldri, að segja sögu myndrænt. Til þess að þróa þann hæfileika verða kennarar að veita nemendum tækifæri til að taka áhættu til að stuðla að þróun skapandi hugsunar og ímyndunarafls. Í myndmennt á yngsta stigi er kjörið að tengja viðfangsefnið við nánasta umhverfi og hugarheim nemandans. Áhersla skal lögð á fjölbreytt vinnubrögð og að nemendur handleiki sem flestar tegundir efna og áhalda. Á yngsta stigi læra nemendur grunnhugtök og lögmál myndlistar.

Námsspættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Sjálfstæði og umgengni Frumkvæði og samræður Skapandi hugsun Samhæfing og færni við notkun áhalda	<ul style="list-style-type: none"> Sýnishorn Myndlista bækur Netið. Samþætting annarra námsgreina Vinnulýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara 	<ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. <input type="checkbox"/> geti skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. <input type="checkbox"/> geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. <input type="checkbox"/> geti útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. <input type="checkbox"/> geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. <input type="checkbox"/> geti fjallað um eigin verk og annarra. 	<ul style="list-style-type: none"> Verklegar æfingar. Umræðu- og spurnaraðferðir. Útlistunarkennsla. Jafningjakennsla. Hópvinna. Sýnikennsla. Sköpun.

		<input type="checkbox"/> geti greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi. <input type="checkbox"/> geti unnið með mismunandi efni og verkfæri.	
Námsmat	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið út frá þeim verkefnum og vinnu sem fram hefur farið.		

Textílmennt 4. bekkur

Kennarar: Jóna Björg Sveinsdóttir og Bryndís Snjólfsdóttir

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á vorönn

Um námsgrein: Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið. Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegum veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði í nánasta umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Í textílmennt er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Þess vegna er mikilvægt að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni. Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Heiti áhalda, tækja og efna Handverk og aðferðir Umgengni og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none"> Á prjónunum. Hannyrðir í 3.- 6.bekk. Ýmsar handbækur og blöð Netið. Samþætting annarra námsgreina Vinnulýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara 	<ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> Geti unnið með mismunandi útsaumsspor. <input type="checkbox"/> Geti að fitjað upp í prjóni, prjónað garðaprjón og fellt af. <input type="checkbox"/> Geti saumað saman prjónastykki og gengið frá endum. <input type="checkbox"/> Kynnist sníðavinnu. <input type="checkbox"/> Þekki helstu hluta saumavélar. <input type="checkbox"/> Geti saumað einfalda hluti á saumavél <input type="checkbox"/> Þekki helstu tæki, áhöld og efni sem notuð eru . <input type="checkbox"/> Þrætt grófa nál. <input type="checkbox"/> klippt út einföld form eftir sniði. <input type="checkbox"/> Þæft einfalt verkefni. <input type="checkbox"/> Þrykkt mynd á efni. <input type="checkbox"/> unnið með öðrum. <input type="checkbox"/> unnið vel og farið eftir fyrirmælum. <input type="checkbox"/> gengið af virðingu um efni og áhöld. 	<ul style="list-style-type: none"> Verklegar æfingar. Umræðu- og spurnaraðferðir. Útlistunarkennsla. Jafningjakennsla. Hópvinna. Sýnikennsla. Sköpun.

Námsmat	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið út frá þeim verkefnum og vinnu sem fram hefur farið.
----------------	---

Íþróttir/sund			
Kennarar: Sýlvía Ösp Jónsdóttir / Ásgrímur Ingi Arngrímsson			
Kennslustundafjöldi: 1,5 kennslustundir á viku. Sundnámsskeið að hausti.			
<p>Um námsgrein: Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings. Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfipörf, gleðjast yfir hverjum leik og hafa til að bera eðlislæga forvitni sem knýr þau áfram í könnun á umhverfi sínu. Skynhreyfileikur, hlutverkaleikir, hlaupaleikir og markvissar æfingar sem efla skynfæri líkamans og bæta gróf- og fínhreyfingar eiga að skipa stóran sess í skólaíþróttum fyrstu skólaárin. Helstu viðfangsefni í skólaíþróttum í 1.- 4. bekk eru hlaup, hopp, kast, og grip, spyrnur og jafnvægi í kyrrstöðu og á hreyfingu. Kollhnísar og veltur, gripstyrkur, búkstyrkur og stöðugleiki, samhæfing augna og handa/fóta með og án bolta og þol í hlaupi. Í skólasundi skal fyrstu tvö árin leggja megináherslu á aðlögun barnsins að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Kynna sundaðferðir og þá sérstaklega fótatök, t.d í skrið- og baksundi. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Í 3.-4. bekk er síðan aukin áhersla á grunnhreyfingar sundtaka í skriðsundi, bringusundi, skólabaksundi og baksundi.</p>			
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Heilsa og velferð		<input type="checkbox"/> Taki þátt í umræðu um gildi hreyfingar fyrir sál og líkama. <input type="checkbox"/> Geti rætt um jákvæða sjálfsmynd og fjölbreytta möguleika til að hreyfa sig. <input type="checkbox"/> Geti stundað æfingar og tekið þátt í leikjum sem bæta líkamshreysti og þrek. <input type="checkbox"/> Taki þátt í hreyfinámi og íþróttaiðkun utanhúss. <input type="checkbox"/> Taki þátt í æfingum þar sem líkama er beitt rétt við fjölbreytta útfærslu hreyfinga.	
Hreyfing og afkastageta		<input type="checkbox"/> Læri heiti helstu líkamsæfinga og heiti yfir helstu hreyfingar. - Tileinki sér réttar reglur í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur. <input type="checkbox"/> Taki þátt í einföldum æfingum og leikjum sem ná til samspils skynfæra og útfærslu hreyfinga. <input type="checkbox"/> Fái þjálfun í notkun ólíkra áhalda.	

		<input type="checkbox"/> Taki þátt í fjölbreyttum leikjum og æfingum sem veitt hafa útrás fyrir hreyfipörf. <input type="checkbox"/> Taki þátt í stöðluðum prófum. <input type="checkbox"/> Geti gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum. <input type="checkbox"/> Taki þátt í leikjum sem efla leikni og útsjónarsemi. <input type="checkbox"/> Þjálfist í leikjum utanhúss.	
Félagslegir þættir og samvinna		<input type="checkbox"/> Kynnist viðbrögðum við mismunandi áreynslu. <input type="checkbox"/> Fá tækifæri til að ræða um stríðni og einelti og brugðist við umræðu á æskilegan hátt. <input type="checkbox"/> Geri sér grein fyrir eigin líkamsvitund. <input type="checkbox"/> Upplifi skólaíþróttir á jákvæðan og skemmtilegan hátt. <input type="checkbox"/> Leysi verkefni af hendi þar sem tekið hefur verið tilliti til annarra. <input type="checkbox"/> Taki þátt í æfingum og efla sjálfstraust og viljastyrk. <input type="checkbox"/> Segi frá leikjum eða æfingum þar sem hann upplifði gleði og ánægju af þátttöku. <input type="checkbox"/> Vinni með tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.	
Öryggi og skipulag		<input type="checkbox"/> Tileinki sér þær reglur og fyrirmæli sem í gildi eru í skólaíþróttum. <input type="checkbox"/> Umgangist áhöld og tæki á öruggan hátt. <input type="checkbox"/> Fari eftir reglum sem snúa að umgengni í íþróttamannvirkjum. <input type="checkbox"/> Fá fræðslu um viðbrögð við minni háttar meiðslum. <input type="checkbox"/> Tileinki sér rétta líkamsbeitingu. <input type="checkbox"/> Tileinki sér skipulagsform hvað varðar öryggisatriði t.d neyðarútganga.	
Námsmat	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið		

Heimilisfræði 3. - 4. bekkur			
Kennarar: Jóna Björg Sveinsdóttir og Bryndís Snjólfsdóttir			
Kennslustundafjöldi: 1 – 2 kennslustundir á viku á haustönn			
Um námsgrein: Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Námsgreininni er m.a. ætlað að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, góðu heilsufari, neytendavitund og verndun umhverfis. Kjarni heimilisfræðinnar er þekking og leikni í heimilisstörfum þar sem þættir eins og næringarfræði, matreiðsla og hreinlæti tengjast			
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk Nemandi:	Leiðir
Matur og lífshættir Matur og vinnubrögð Matur og umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> • Holt og gott 3 • Heimilisfræði 2 og 3 • Námsefni af vef • Ítarefni 	<ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> læri um hvaða næringarefni fást úr fæðuflokkunum. <input type="checkbox"/> geti haft röð og reglu og hreint á vinnusvæði sínu. <input type="checkbox"/> temji sér holla lífshætti og verði meðvitaður um gildi næringarríkrar fæðu. <input type="checkbox"/> geri sér grein fyrir að örverur eru til staðar í umhverfi okkar. <input type="checkbox"/> fari eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif. <input type="checkbox"/> geti unnið skipulega eftir einfaldri uppskrift og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld. <input type="checkbox"/> efli samvinnu og samábyrgð. <input type="checkbox"/> geri sér grein fyrir helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi. <input type="checkbox"/> læri um flokkun sorps frá heimilum. <input type="checkbox"/> skilji einfaldar umbúðamerkingar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Verklegar æfingar. • Umræðu- og spurnaraðferðir. • Útlistunarkennsla. • Jafningjakennsla. • Hópvinna. • Sýnikennsla. • Sköpun.
Námsmat	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið út frá þeim verkefnum og vinnu sem fram hefur farið.		